



432. fundur

**haldinn á í bæjarráðssal,
fimmtudaginn 17. janúar 2008 og hófst hann kl. 17:00**

Fundinn sátu:

Ólafur Guðmundsson, Gretar Daníel Pálsson, Berglind Axelsdóttir, Þór Örn Jónsson, Erla Friðriksdóttir,

Fundargerð ritaði: Þór Örn Jónsson , bæjarritari

Dagskrá:

1. 0801019 - Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar, dags.15.1.2008 (103. fundur).

Fundargerð framlögð.

Liður 1. Aðalgata 17, bankaútibú.

Sigurður P. Kristjánsson f.h. Kaupþings banka sækir um leyfi til að byggja bankaútibú á lóð nr. 17 við Aðalgötu samkvæmt teikningum frá Staðalhúsum dags. nóv. 2007. Stærðir: 280,6 m², 1.262,9 m³.

Erindi samþykkt með þremur atkvæðum gegn tveimur. Byggingafulltrúa er falið að ræða við hönnuð um möguleika á að brjóta útlit hússins upp.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu nefndarinnar.

Liður 2. Stöðuleyfi fyrir skúr á ræktunarlandi nr. 137452

Hannes K. Gunnarsson kt. 121033 4029 óskar eftir leyfi til að staðsetja skúr á ræktunarlandi sem hann hefur til umráða sbr. bréf dags. 11.01.08.

Nefndin samþykkir að veita stöðuleyfi til eins árs í senn.

Bæjarráð samþykkir stöðuleyfi til eins árs.

Liður 3. Breyting á lóðarstærð við Sundabakka nr. 1a.

Lögð fram tillaga að lóðarstækkun við Sundabakka nr. 1a vegna bílskúrs sem byggður var árið 1998.

Erindi samþykkt.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu nefndarinnar.

Liður 4. Hamraendi 4, atvinnuhúsnæði.

Þórarinn Sighvatsson kt. 010571-3679 sækir um f.h. lóðarhafa Jónatans

Sigtryggssonar um að byggja stálgrindarhús á lóð við Hamraenda nr. 4, samkvæmt teikningum frá KM byggingum/Kristófer Magnússyni dags. 15.01.2008. Stærðir:

803 m², 4.711 m³. Einnig er óskað eftir að bílastæði á lóð verði fyrir framan hvert bil samanber bílastæði á lóð við Hamraenda 3.

Erindi samþykkt að uppfylltum skilyrðum.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu nefndarinnar.



Fundargerð samþykkt.

2. 0712032 - Fundargerð þjónustuhóps aldraðra, dags. 13.12.2007 (48. fundur).

Fundargerð framlögð og samþykkt.

3. 0801018 - Fundargerð þjónusthóps aldraðra, dags. 10.1.2008 (49. fundur).

Fundargerð framlögð og samþykkt.

4. 0801017 - Fundargerð stjórnar Dvalarheimilis, dags. 9.1.2008 (22. fundur).

Fundargerð framlögð og samþykkt.

5. 0801016 - Fundargerð hafnarstjórnar, dags. 9.1.2008 (55. fundur).

Fundargerð framlögð, liður 6.1. samningar um leigu á viðleguþlássi fyrir smábáta. Lagt til að leigusamningar vegna leguþlásss fyrir smábáta verði endurskoðaðir og að heimilt verði að gjalddagar verði tvisar á ári, en eru nú árlega.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu nefndarinnar.

Fundargerð samþykkt.

6. 0801006 - Fundargerð lista- og menningarsjóðs, dags. 7.1.2008 (32. fundur).

Fundargerð framlögð.

7. 0801027 - Fundargerð vegna skóla, sundlaugar og tjaldsvæðis, dags. 10.1.2008.

Fundargerð framlögð.

8. 0712029 - Lóðarúthlutun-frestur til framkvæmda á úthlutaðari lóð að Hjallatanga 44, dags. 14.12.2007.

Samþykkt að veita Þorgrími Vilbergssyni frest í 6 mánuði til að hefja framkvæmdir á lóðinni við Hjallatanga 44.

9. 0801021 - Uppgjör framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga 2007, dags. 31.12.2007.

Uppgjör framlaga Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 2007 framlagt.

10. 0801015 - Ályktun stjórnar SSV varðandi samgöngumál og afnám notendagjalda í Hvalfjarðargöng, dags. 9.1.2008.

Framlagt.

11. 0801005 - Bréf Samgöngumálaráðuneytis, dags. 28.12.2007, vegna breytinga á Stjórnarráðinu



Bréf Samgöngumálaráðuneytis, vegna breytinga á Stjórnarráði framlagt.

12. 0801003 - Úrskurður félagsmálaráðuneytis vegna erindis Heimis L. Jóhannessonar vegna ráðningar Stykkishólmsbæjar í starf forstöðumanns félagsmiðsöðvarinnar, dags. 28.12.2007.

Framlagt.

13. 0801002 - Bréf Félagsmálaráðuneytis, dags. 28.12.2007, greiðslu ársins 2007-vegna tímabundins samdráttar í aflamarki þorsks.

Bréf Félagsmálaráðuneytis framlagt.

14. 0712037 - Afrit bréfi Ragnars og Ásgeirs ehf., Loftorku ehf. og Bifreiðastöðvar ÞÞÞ ehf.,dags.14.12.2007 varðandi framtíðarhugmyndir Spalar.

Bréf framlagt.

15. 0712026 - Afrit af bréfi Rakelar Olsen, dags. 13.12.2007, til Húsafriðunarnefndar ríkisins,vegna endurúthlutunar á lóðinni milli Clausenshúss og Skólastígs 5.

Afrit af bréfi Rakelar Olsen til Húsafriðunarnefndar ríkisins, vegna endurúthlutunar á lóðinni milli Clausenshúss og Skólastíg 5 framlagt.

16. 0801023 - Bréf frá Landsskrifstofa Staðardagskrár 21 á Íslandi, dags. 11. janúar 2008. Ráðstefna um Staðardagskrá 21.

Framlagt.

17. 0801009 - Bréf forstöðumanns Norska húsins, dags. 14.12.2007. Ósk um niðurfellingu fasteignagjalda af Norska húsinu á árinu 2008.

Samþykkt að veita Byggðasafni Snæfellinga og Hnappdæla styrk sem nemur fasteignagjöldum á Norska húsinu og Reitarvegi 3 árið 2008. Byggðasafni Snæfellinga og Hnappdæla er bent á Orkuveitu Reykjavíkur varðandi niðurfellingu á vatnsgjaldi.

18. 0801008 - Bréf forstöðumanns Norska húsins, dags. 14.12.2007. Ósk um stuðning bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar við sumardagskrá Norska hússins.

Samþykkt að veita Byggðasafni Snæfellinga og Hnappdæla styrk að upphæð kr. 400.000 til sýningarhalds.

19. 0712036 - Bréf SSV, dags. 18.12.2007, vegna lánveitingar til Sorpurðunar frá Lánasjóði sveitarfélaga.

Bæjarráð samþykkir hér með að veita ábyrgð að sínum hluta vegna lántöku Sorpurðunar Vesturlands hf. hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. að fjárhæð 20.000.000 kr.til 8 ára,með 5,95% breytilegum verðtryggðum vöxtum. Er ábyrgð þessi veitt sbr.heimild í 6 mgr. 73.gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Til tryggingar ábyrgðinni standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 3. mgr. sömu laga. Ábyrgðin tekur til allra greiðslna sem og hvers kyns kostnaðar sem hlýst af vanskilum.



Jafnframt er Erlu Friðriksdóttur kt. 011268-5879, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess að staðfesta f.h. Stykkishólmsbæjar veitingu ofangreindar ábyrgðar með áritun á lánsamninginn.

20. 0801007 - Reglur um úthlutun á lóðum fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði.

Samþykkt að breyta lið 3.5 í reglum um úthlutun á lóðum fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði í Stykkishólmi.

Hafi lóðarhafi ekki lagt inn byggingarnefndarteikningar innan 6 mánaða frá lóðarúthlutun, er bæjarstjórn heimilt að fella úthlutun lóðarinnar úr gildi þrátt fyrir að hafist hafi verið handa við jarðvinnu á lóðinni sbr. grein 3.3.

21. 0801022 - Bréf frá Heilbrigðiseftirliti Vesturlands, dags. 10. janúar 2008, varðandi fjárhagsáætlun.

Fjárhagsáætlun Heilbrigðiseftirlits Vesturlands fyrir árið 2008 samþykkt.

22. 0801026 - Frumvörp til laga um leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla og kennara.

Samþykkt að vísa frumvörpum til laga um leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla og kennara, til fræðslunefndar.

23. 0801029 - Tillaga Gretars D. Pálssonar um samstarf við sveitarfélög á Snæfellsnesi um listasmiðju barna og unglunga.

Tillaga um samstarf við sveitarfélög á Snæfellsnesi um listasmiðju barna og unglunga.

Undirritaður leggur til að Stykkishólmsbær taki þátt í samstarfi sveitarfélaga á Snæfellsnesi um listasmiðju barna og unglunga í endaðan apríl í tengslum við viðburðarviku Vesturlands. Umsjón af hálfu Stykkishólmsbæjar verði í höndum Æskulýðs- og íþróttanefndar.

Greinagerð

Frumkvæði að samstarfinu kemur frá Lista- og menningarnefnd Snæfellsbæjar. Yfirumsjón með verkefninu verður að þeirra hálfu. Sótt verður um styrki til verkefnisins til Menningarráðs Vesturlands. Sveitarfélögin munu leggja til húsnæði og aðstöðu á meðan listasmiðjur standa yfir.

Gretar D. Pálsson

Samþykkt samhljóða.

24. 0801028 - Tillaga Gretars D. Pálssonar varðandi styrk til Aftanskins, félags eldri borgara í Stykkishólmi.

Tillaga vegna styrks til Aftanskins, félags eldri borgara í Stykkishólmi:



Undirritaður leggur til að Stykkishólmsbær veiti Aftanskini, styrk að fjárhæð 300.000 kr. til eflingar félagsstarfs eldri borgara í Stykkishólmi.

Greinagerð

Mjög mikilvægt er að félagsstarf eldri íbúa í Stykkishólmi sé sem öflugast. Best er ef það er að frumkvæði einstaklinga og félaga. Stykkishólmsbær hefur áður samþykkt að efla samstarf við Aftanskin til eflingar félagslífi eldri borgara. Þessi styrkur léttir undir með starfsemi Aftanskins.

Gretar D. Pálsson

Samþykkt samhljóða.

25. 0801025 - Tillaga Gretars D. Pálssonar varðandi gatnagerðagjöld.

a. Tillaga vegna gatnagerðagjalda:

Undirritaður leggur til að lóðir að Neskinn 3 og 5 ásamt Sundabakka 2 og 6 verði auglýstar með afslætti á gildandi gatnagerðargjöldum. Gjöld af þessum lóðum verði skv. gjaldskrá sem í gildi var 31.12.2007.

Greinagerð.

Lóðir þessar hafa verið lausar til úthlutunar í nokkuð langan tíma án þess að um þær hafi verið sótt. Það er hagkvæmt fyrir bæjarsjóð að nýta það gatna- og lagnakerfi sem fyrir er þó slegið sé af upphæð gatnagerðargjalda.

Gretar D. Pálsson

Breytingartillaga við tillögu Gretars D. Pálssonar vegna gatnagerðagjalda
Undirrituð leggur til að Sundabakki 6 verði undanþeginn í tillögu GDP.

Berglind Axelsdóttir

Breytingartillaga samþykkt samhljóða.

Tillaga GDP með áorðnum breytingum:

Lagt til að lóðir að Neskinn 3 og 5 ásamt Sundabakka 2 verði auglýstar með afslætti á gildandi gatnagerðargjöldum. Gjöld af þessum lóðum verði skv. gjaldskrá sem í gildi var 31.12.2007.

Samþykkt samhljóða.

b. Bæjarstjóri leggur til að sprengt grjót úr Móhólta verði ekið til fyllingar á grunni að Hjallatanga 28. Lóðin verði auglýst til úthlutunar með afslætti frá gildandi gatnagerðargjöldum. Gjöld af þessari lóð verði skv. gjaldskrá sem í gildi var 31.12.2007 en lóðahafinn greiði kostnað við uppfyllinguna.

Samþykkt samhljóða.



Fundargerðin upplesin og samþykkt

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:32
